# Forhönnuð hús

| | | Mjallhvít | Mjallhvít plús | Mjallhvít með bílskúr | Mjallhvít plús með bílskúr | Elsa | Elsa með bílskúr | Fríða |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærð | | 154 m2 | 176 m2 | 193 m2 | 215 m2 | 107 m2 | 146 m2 | 164m2 |
| Húsið | | 23.700.000 | 28.100.000 | 30.900.000 | 35.300.000 | 19.500.000 | 26.650.000 | 28.000.000 |
| Teikningar | | 1.850.000 | 1.900.000 | 1.950.000 | 2.000.000 | 1.750.000 | 1.850.000 | 1.900.000 |
| Sökkul- og gólfhitakerfi | | 1.900.000 | 2.050.000 | 2.300.000 | 2.480.000 | 1.700.000 | 2.100.000 | 2.000.000 |
| Annað | | 6.600.000 | 6.750.000 | 6.820.000 | 6.980.000 | 5.700.000 | 5.900.000 | 6.700.000 |
| Samtals | | 34.050.000 | 38.800.000 | 41.970.000 | 46.760.000 | 28.650.000 | 36.500.000 | 38.600.000 |

★ *Verð eru einungis til viðmiðunar, ávallt þarf að uppreikna verð ef til kaupsamnings kemur*
*Miðað er við gengi (sek/isk = 13,000), og tölur eru námundaðar hér. Allar tölur er með vsk. Fyrirvari gerður um innsláttarvillur*



BELKÓD

# Skýringar

## Húsið

Tilbúnar útveggjaeiningar með gluggum og svalahurðum(útihurðir fylgja með). Um er að ræða einangraða 195 mm grind með lektum utan á, útigifsplötu og málaðan panel og að innanverðu er rakasperra og lektur. Reim undir húsið og festiefni.
Í þakið kemur; gifs, lektur, rakasperra, einangrun(365 mm), samsettar kraftsperrur, klæðning, þakpappi og lektur undir þakjárn, (þakjárn fylgir ekki), en þakrennur og niðurfallsrör fylgja með. Gluggar eru timbur/ál með þreföldu gleri. Framleiðandi er Mjöbäcksvillan í Svíþjóð.

## Teikningar

Allar nauðsynlegar teikningar sem skila þarf til byggingarfulltrúa, ásamt uppsetningateikningum frá framleiðendum.

## Sökkul- og gólfhitakerfi

Sökkuleiningar með múrhúð að utanverðu, 30cm plasteinangrun undir plötu, járnamottum og öllu steypujárni sem þarf í sökkulinn og festiefni.
Gólfhitakerfið samanstendur af rörum, festiskinnum, lagnakistum, skáp, mælum, þrýstikút, lokum, stýrieiningum, hitastillum og því sem fylgir með slíku víruðu kerfi. Hægt að fá þráðlaust líka.
Hönnun kerfanna og allir útreikningar eru einnig inni í þessum lið.
Einnig er hægt að fá loftgólfhitakerfi í stað hefðbundins vatnsgólfhitakerfis. Sama virkni, sama nýtni, notar hitaveitu ef slík er til staðar, einnig hægt að hita með rafmagnselementum ef hitaveita er ekki til staðar. Lagnir í þessu kerfi eru 50 mm plastlagnir, sem koma tilbúnar til lagningar og er því mjög einfalt og fljótlegt að leggja slíkt kerfi. Virkni fyrir notanda er algjörlega samskonar og í hefðbundnu kerfi. Verðmunur á slíku kerfi er frá ca 400.000 krónum.

## Annað

Allar innréttingar og skápar skv. teikningu (fataskápar, rennihurðarskápur í anddyri). Öll heimilistæki (spanhelluborð, innbyggður ofn og örbylgjuofn, vifta, ísskápur, frystiskápur, uppþvottavél, þvottavél og þurrkari). Hreinlætistæki, flísar og parket, LED lýsing í öll rými hússins með öflugu ljósastýrikerfi. Innréttingar eru finnskar (ELEGA), annað er frá sænskum þekktum framleiðendum. Í bílskúr fylgja flísar á gólf, lím og fúga, sem og bílskúrshurð með opnara og fjarstýringum.

**Afhending húss, sem og sökkul- og hitakerfis, er í verksmiðjum í Svíþjóð. Kaupandi nýtur góðra afsláttarkjara Belkods hjá íslenskum flutningsaðila.**

BELKÖD

# Mjallhvít

154 m²

34 m.kr.




BELKÓD

# Mjallhvít með bílskúr

**193 m²**

**41,9 m.kr.**




BELKÓD

# MJALLHVÍT plús

**176 m²**

**38,8 m.kr**




BELKÓD

# MJALLHVÍT plús með bílskúr

**215 m²**

**46,7 m.kr.**




BELKÓD

# Elsa

107 m²

28,6 m.kr.




BELKÓD

# Elsa m. bílskúr

**146 m²**

**36,5 m.kr.**




BELKÓD

# Fríða

**164 m²**

**38,6 m.kr.**

## 3 svefnherbergi




## 4 svefnherbergi

